

SAMNINGUR
Milli stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma
og
SFR – stéttarfélags í almannajónustu

1. Réttindi og skyldur

- 1.1 Samningur þessi tekur til þeirra starfsmanna Kirkjugarða Reykjavíkur sem eru félagar í SFR og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.
- 1.2 Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til, skal fara eftir kjarasamningi SFR við fjármálaráðuneytið á hverjum tíma þar sem annað er ekki ákveðið í samningi þessum.
- 1.3 Réttindi og skyldur félagsmanna skulu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 1.4 Um kjarasamninga og vinnudeilur skal farið eftir ákvæðum laga nr. 94/1986
- 1.5 Gildistími og uppsögn samnings þessa fer eftir ákvæðum í lögum nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

2. Starfaflokkar.

Launakerfið byggir á eftirfarandi starfaflokkum.

- | | |
|--|--|
| 1. Sumarstarfsmenn | Almenn störf. Starfið felst fyrst og fremst í störfum sem að jafnaði eru unnin samkvæmt fyrirmælum annarra. |
| 2. Verkamaður
Kirkjuvörður
Viðgerðarm | Starfið getur falist í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina. |
| 3. Gjaldkeri
Bókhald
Stjórnandi/kirkju | Starfið felst fyrst og fremst í að hafa umsjón með verkefnum og/eða málaflokkum. Í starfinu getur falist sérstök ábyrgð, sérhæfing og sjálfstæði. |
| 4. Rekstrarstjóri | Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. |

3. Röðun í launaramma og launaflokka.

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Rammi A			1. Maí 2006	1. Maí 2007
Starfaflokkur 1	Sumarstarfsmenn	A1-A10	01-10	01-10
Rammi B				
Starfaflokkur 2	Verkamaður	B10	15	16
	Kirkjuvörður	B10	15	16
Rammi C				



Starfaflokkur 3	Viðgerðarm	C6	17	18
	Kirkjuvörður/brennsla	C6	17	18
	Bókhald	C9	20	21
	Gjaldkeri	C10	21	22

Rammi D

Starfaflokkur 4	Stjórnandi/kirkju	D8	27	28
	Rekstrarstjóri	D10	29	30

Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei raðast neðar í launatöflu 1.1.1 í kjarasamningi aðila en hann var fyrir flutninginn.

4. Viðbótar forsendur við mat í launaflokka.

4.1. Starfsreynsla.

Starfsmaður í A, B og C ramma, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynslu hjá stofnuninni að 2/3 hluta eða öllu leyti:

starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 2
launaflokka
starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 3
launaflokka

4.2. Menntun.

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

starfsmaður sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
starfsmaður sem hefur lokið þriggja vetra námi skal hækka um 2 launaflokka.

4.3. Starfsnám/símenntun.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um
1 launaflokka
starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um
2 launaflokka
starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um
3 launaflokka

4.4. Mat á einstökum störfum.

Við röðun starfs í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 4.1 til 4.3 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi 1-2 launaflokkum ofar en grunnröðun gefur tilefni til, s.s:

- hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist,
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið
- starfið felur í sér flókin verkefni

AM MR

- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

4.5 Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna.

Við röðun starfsmanns í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 4.1 til 4.3 geta ýmsir þættir orðið til að raða starfsmanni 1-2 launaflokkum ofar þegar tillit er tekið til eftirfarandi atriða

- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð.
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Sé verið að meta til hækunar samkvæmt ofangreindum atriðum skal leggja fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem komi fram þeir þættir sem er verið að taka tillit til og af hverju.

5. Matartímar

- 5.1 Í þeim tilvikum sem fæðispeningar eru greiddir skulu þeir nema launum fyrir 1/2 klukkustund í dagvinnu skv. lfl. A4 fyrir hvern vinnudag.
- 5.2 Matarhlé skal vera 30 mínútur á dagvinnutímabilinu, kl. 12.00-13.00, nema samkomulag verði um annað.

6. Fatnaður starfsmanna

Starfsmenn í kirkju:

Starfsmenn Fossvogskirkju skulu fá fót sér að kostnaðarlausu eins og hér er greint:

- ✓ Ein fót á ári. Með fötum er hér átt við einn jakka, eitt vesti og tvennar buxur eða tvennar pils.
- ✓ Fjórar skyrtur eða blússur á ári.
- ✓ Tvö hálsbindi eða tvær slæður á ári.
- ✓ Eitt par af svörtum skóm á ári.

Starfsmenn við útivinnu:

Starfsmenn við útivinnu hjá Kirkjugörðunum fá allan almennan hlífðarfatnað samk. reglum um notkun persónuhlífa, sem lög nr. 46/1980 gilda um. Með hlífðarfatnaði er átt við vaðstígvél, kuldajakka, regnverjur og vettlinga.

Almennar reglur:

Allur fatnaður starfsmanna skal vera svipaður á lit og keyptur þar sem gerður hefur verið sérstakur samningur v/starfsmannaklæðnaðar – eða annarsstaðar ef um svipað verð og gæði er um að ræða. Forstjóri þarf að samþykka öll fatakaup áður en þau fara fram. Venjulegt viðhald fata greiða starfsmenn sjálfir. Hreinsun á fötum fá þeir greidda eftir þörfum. Meiriháttar viðgerðir og tjón á fötum skal bætt, enda verði skaðinn ekki af völdum gáleysis starfsmanna. Þegar starfsmaður lætur af störfum ber honum að skila þeim fatnaði sem hann fékk síðast.

7. Samstarfsnefnd

Koma skal á fót samstarfsnefnd aðila samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og skal hún hafa sama hlutverk og þar greinir.

Reykjavík 7. janúar 2010

Samþykkt f.h.

Samþykkt f.h.

SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu

Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma





